

97. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla hélt fund mánudaginn 26. apríl 2004 kl. 21:00 í kaffistofu skólans. Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Margrét Ásgeirsdóttir, Sævar Harðarson, Lárus Pétursson, Jóhanna Guðmundsdóttir, Hólmfríður Friðjónsdóttir, Martin Markvoll og Ewa Murawska.

Dagskrá:

1. Afmælishátíð 1. maí.
2. Staða mála og kennsla framundan.
3. Önnur mál.

1. Afmælishátíð 1. maí.

Lúðrasveitin er búin að æfa stíft fyrir hátíðarhöldin, einnig mun litla lúðrasveitin koma fram og síðan samspil með flautum. Einnig var rætt um möguleika á því að hafa söng og/eða gítarsamspil. Martin og Lárus munu setja upp endanlega dagskrá.

Veitingar verða í samstarfi við verkalýðsfélagið og foreldra nemenda tónlistarskólans.

2. Staða mála og kennsla framundan.

Hólmgeir og Sigrún skólastjóri verða frá það sem eftir er annar. Kennarar skólans munu sjá um að leysa þau mál.

Rætt var um að fá píanista við undirspil hjá söngnemendum í 1-2 daga hjá þeim sem væru að fara í stigspróf.

3. Önnur mál.

a) Rætt var um að auglýsa eftir umsóknum um skólavist fyrir næstu skólaönn.

b) Tónfundir verða hjá öllum nemendum í maí.

c) Skólaslit tónlistarskólans verða þann 26. maí kl. 18:00 í kirkjunni að vanda.

Fundi slitið kl. 22:30.

Sævar Harðarson (sign.).